



# Umhverfismat 2. áfanga stækkunar Mjóeyrarhafnar

Svar Fjarðabyggðarhafnar við umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands

A1567-029-U01

Dags. 30.05.2022

Til: Jakobs Gunnarssonar, Skipulagsstofnun.

Frá: Birgittu Rúnarsdóttur, verkefnisstjóra Fjarðabyggðarhafna og Vali Sveinssyni, sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs.

CC: Halldóra Hreggviðsdóttir og Hildur Kristjánsdóttir, umhverfismatsráðgjafar frá Alta.

Náttúrufræðistofnun sendi umsókn vegna matsáætlunar stækkunar 2. áfanga Mjóeyrarhafnar í bréfi dags. 25.5.2022, málnúmer: 202204-0028 LA.

Í bréfinu er staða mála reifuð eins og hún birtist í matsáætlun frá Fjarðabyggðarhöfnum, m.a. um Mjóeyrarhöfn, stöðu í skipulagi, fyrirliggjandi efnistökukeyfi og stöðu uppbyggingar landfyllingar fyrir 2. áfanga.

Niðurstaða Náttúrufræðistofnunar er að:

- "Náttúrufræðistofnun Íslands telur margt með ágætum koma fram í matsáætlun um uppbyggingu 2. áfanga Mjóeyrarhafnar og sem þurfi að koma fram í mati á umhverfisáhrifum.
- Hins vegar vill stofnunin benda á að fyrri rannsóknir eru yfir 20 ára gamlar, rannsóknarsvæði hafa orðið fyrir raski eða eru ekki lengur til staðar og
- að á þeim tíma sem liðinn er hafa orðið miklar breytingar sem tengjast hafnarstarfsemi álversins."

Á þessum grunni telur Náttúrufræðistofnun að skoða eftirfarandi umhverfisþætti og gera greina fyrir þeim í umhverfismatsskýrslu:

- I. Botndýralíf og mengun á botnseti við Mjóeyrarhöfn.
- II. Efnisnámur í sjó og á landi.

Hér eru nánar tíunduð viðbrögð Fjarðabyggðarhafnar við framangreindum ábendingum.

## I. Botndýralíf og mengun á botnseti við Mjóeyrarhöfn.

### A. Ábending vegna mögulegra breytinga á botndýralífi

Ábending er um það frá Náttúrufræðistofnun Íslands, að ekki sé fjallað um ástand á botndýralífi sjávar við Mjóeyrarhöfn eða hvaða breytingar hafi orðið á því síðan rannsóknir voru unnar á árunum 1999-2001. Alcoa Fjarðaál hafi hafið starfsemi sína árið 2007 og á þessum tíma hafa verið miklir skipaflutningar og hafnarstarfsemi í tengslum við álverið. Þá þurfi að skoða hvort við Mjóeyrarhöfn þrífist framandi tegundir sem borist hafa með kjölvatni skipa.

### Viðbrögð Fjarðabyggðar vegna lýsingar á og mögulegrar breytingar á ástandi botndýralífs

Fjarðabyggðarhafnir taka undir ábendingar Náttúrufræðistofnunar varðandi mikilvægi þess að þekkja vel botndýralíf sjávar við Mjóeyrarhöfn og hvaða breytingar hafi orðið á því síðan rannsóknir voru unnar á árunum 1999-2001.



Staða mála varðandi þekkingu á því botndýralífi og lífi í fjöru, sem þegar hefur farið undir landfyllingu vegna 2. áfanga er ítarlega tíunduð í köflum 3.1.2 um lífríki í Reyðarfirði, 3.2.4 um strandgerð og lífríki í fjöru og 3.2.5 um lífríki á sjávarbotni í matsáætlun. Einnig liggur fyrir mat sjávarlíffræðings á því að ekki sé um umtalsverð umhverfisáhrif að ræða sbr. kafla 4.4.5 Áhrif á strandgerð og lífríki fjöru og 4.4.6 Áhrif á lífríki á sjávarbotni. Því telja Fjarðabyggðarhafnir að nægilega vel hafi verið gerð grein fyrir lífríki og umhverfisáhrifum hvað þetta varðar í matsáætlun. Því sé ekki þörf á frekari rannsóknum né greiningu á lífríki og strandgerð fjöru og lífríki á botni sjávar en þegar hafi verið gert. Að mati Fjarðabyggðarhafna þá liggja fyrir nægar upplýsingar vegna mats á umhverfisáhrifum vegna stækkunar 2. áfanga Mjóeyrarhafnar og því sé ekki nauðsynlegt að fara í frekari rannsóknir vegna 2. áfanga. Þessu verði því gerð sömu skil í umhverfismatsskýrslu og í matsáætlun.

Fjarðabyggðarhafnir vilja hins vegar benda á fyrirhugaðar rannsóknir Náttúrufræðistofu Austurlands nú sumarið 2022 á lífríki fjöru og botndýralífi í tengslum við stækkun 3. og 4. áfanga Mjóeyrarhafnar, sbr. yfirlit á mynd 1. Þá verður farið í rannsóknir á fjöru og botndýralífi á svæðinu sem hér er merkt sem 3. og 4. áfangi, auk þess svæðis sem afmarkað hefur verið með blárrí línu til viðbótar.



Mynd 1. Afmarkaður hefur verið 3. og 4. áfangi stækkunar Mjóeyrarhafnar með gulri línu. Rauð lína afmarkar Hólmanes friðland og Hólmanes fólkvang. Blá lína afmarkar viðbótar rannsóknarsvæði á líffræði fjöru og botndýralífs. Ljósgræn lína afmarkar viðbótar rannsóknarsvæði m.t.t. gróðurs. Bláu skástrikuðu línurnar sýna mikilvægt fuglasvæði, sjófuglabýggð, skv. afmörkun Náttúrufræðistofnunar Íslands<sup>1</sup>.

Þarna verður farið í afar vandaðar rannsóknir og byggt á þeirri aðferðafræði sem lögð var af líffræði prófessorunum í Háskóla Íslands, þeim Agnari Ingólfssyni og Jörundi Svavarsyni. Á grunni þeirra munu koma fram grunnupplýsingar um stöðu lífríkisins og hvort eða hvaða breytingar hafi átt sér stað, síðan framkvæmdir og rekstur Mjóeyrarhafnar og álvers Alcoa Fjarðaáls hófst. Þessar rannsóknarniðurstöður munu koma fram í umhverfismatsskýrslu fyrir 3. og 4. áfanga stækkunar Mjóeyrarhafnar.

<sup>1</sup> Mikilvæg fuglasvæði. Gögn frá Náttúrufræðistofnun, sótt 18.12.2018. [Bird Life international](https://www.birdlife.org/).



## B. Ábending um vöktun botndýralífs

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að ekki hafi verið vaktað hverjar breytingar hafi orðið á botndýralífi við álverid og Mjóeyrarhöfn. Hvort þangað hafi borist framandi tegundir með kjölvatni skipa.

### Viðbrögð Fjarðabyggðarhafna vegna vöktunar botndýralífs

Fjarðabyggðarhafnir benda á að rannsókn Náttúrustofu Austurlands muni skera úr um hvort breytingar hafi orðið.

Fjarðabyggðahafnir benda á að í vöktunaráætlun Alcoa Fjarðaáls, sem var útbúin fyrir Umhverfisstofnun árið 2013, er gerð grein fyrir vöktunarmælingum á botndýralífi sem voru gerðar í firðinum og á fjörunni árið 2010. Sú vöktunaráætlun byggir á að rýna mögulega loftmengun frá álverinu. Skv. áætluninni var gert ráð fyrir að mælingarnar verði endurteknar á 5 ára fresti, næst 2015 og niðurstöður bornar saman við fyrri mælingar. Skv. áætluninni yrði burstormum safnað á skilgreindum stöðum og styrkur PAH16 mældur. Krækling yrði safnað á sömu svæðum og áður og PAH16 og þungmálmur mældir s.s. As, Pb, Cd, Cr, Ni, Zi, Hg. Kræklingar yrðu lengdarmældir og vigtaðir til að fá bæði heildarþyngd og þyngd holds. Fjarðabyggðahafnir munu gera grein fyrir niðurstöðum framangreindrar vöktunar í umhverfismatskýrslu.

## C. Ábending um mögulega mengun við hafnarsvæðið

Náttúrufræðistofnun bendir á að gera þurfi grein fyrir mengun við hafnarsvæðið, en vel er þekkt t.d. mengun af tríbútulytini (TBT) sem eigi rætur að rekja til skipamálningar og valdi efnið vansköpun hjá sæsniglum sem gerir þá ófæra að fjölga sér.

### Viðbrögð Fjarðabyggðarhafna vegna mögulegrar mengunar við hafnarsvæðið

Fjarðabyggðarhafnir benda aftur til rannsókna sem Náttúrustofa Austurlands muni fara í, nú sumarið 2022. Áréttað verður í skilgreiningu á þeirri rannsókn að skoðað verði hvort sæsniglar sem finnast í sýnum, beri merki vansköpunar.

## D. Tilhögun frárennslis og regnvatnsútrásar af hafnarsvæðinu

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að gera þurfi grein fyrir frárennslis eða regnvatnsútrás af hafnarsvæðinu út í sjó, ásamt mögulegri mengun sem tengist því.

### Viðbrögð Fjarðabyggðarhafna vegna frárennslis og regnvatnsútrásar

Fjarðabyggðarhafnir munu gera grein fyrir frárennslis og regnvatnsútrásum af hafnarsvæðinu úti í sjó og hvernig tryggt er að ekki berist mengað afrennslis í sjó.

## II. Efnisnámur í sjó og á landi.

Ábending er um það frá Náttúrufræðistofnun að gera þurfi betur grein fyrir efnistökusvæðum, bæði á landi og í sjó, þar sem fram komi nánari staðsetning, upplýsingar um setgerð, og áhrif efnistökkunnar á lífríki. Öll efnistaka í sjó valdi raski á sjávarbotni og þeim búsvæðum sem þar eru. Einnig að gera þurfi grein fyrir:

- umfangi (flatarmáli) og dýpi efnistökkunnar á hafsbotni.



- Upplýsingar vanti um gerð botndýralífs við efnistökusvæði í sjó, áhrif gruggs á nærliggjandi hafumhverfi og mögulega losun mengunarefna þegar hreyft er við botnseti.
- Skoða þurfi hafstrauma við efnistöku á hafsbotni, en samhliða mikilli efnistöku á hafsbotni geti straumar raskast og breytt setflutningum innan svæða.

### Viðbrögð Fjarðabyggðar vegna efnisnáma í sjó og landi.

Fjarðabyggðarhafnir taka undir ábendingu Náttúrufræðistofnunar Íslands um að vel þurfi að huga að efnistöku á landi og sjó. Þess vegna hafa Fjarðarbyggðarhafnir staðið fyrir umfangsmiklum rannsóknum á lífríki á hafsbotni, dreifingu kóralþörungum og mögulegum efnistökusvæðum af hafsbotni í Reyðarfirði, Norðfjarðarflóa og innfjörðum hans síðastliðin ár og eru enn að.

Byggt á þessum grunni Fjarðabyggðarhafna, þá liggja nú þegar fyrir efnistökualeyfi úr sjó sbr. lög þar um, eins og fram kemur í kafla 2.7 í matsáætlun. Þar hefur lögum um umhverfismat framkvæmda og efnistökualeyfi verið fylgt í hvívetna og framangreindum ábendingum Náttúrufræðistofnunar Íslands því verið svarað í því ferli. Fjarðabyggðarhafnir geta sent Náttúrufræðistofnun fyrirbyggjandi umhverfismatsgögn og leyfi ef áhugi er á, en yfirlit yfir leyfi frá Orkustofnun má sjá á þessari [slóð hér](#).

"Hér er yfirlit yfir fyrirbyggjandi leyfi til efnistöku úr sjó sem Fjarðabyggðarhafnir hafa til umráða [sbr. kafla 2.7 í matsáætlun]:

- Framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku á 120.000 m<sup>3</sup> efnis úr sjó við Ljósá í Reyðarfirði. **Enn eru eftir um 50.000 m<sup>3</sup> efnis við Ljósá**, en 70.000 m<sup>3</sup> verið nýttir í 2. áfanga.
- Leyfi frá Orkustofnun til tilraunatöku á 3.900 m<sup>3</sup> frá Eyri. Þetta efni hefur þegar verið nýtt í 2. áfanga.
- Tvö leyfi frá Orkustofnun á töku á samtals 600.000 m<sup>3</sup> efnis út skilgreindu efnistökusvæði við Eyri í Reyðarfirði, í samræmi við 1. mgr. 3. gr. laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990, nefndum hafnsbotnslögum. **Enn eru eftir um 356.000 m<sup>3</sup> efnis við Eyri.**"

Fjarðabyggðarhafnir hafa því til umráða skv. leyfum um **406.000 m<sup>3</sup>** af efni úr sjó.

Eins og fram kemur í kafla 2.6.2 í matsáætlun vegna 2. áfanga stækkunar Mjóeyrarhafnar, þá er:

- "Áætluð heildar efnisþörf fyrir þá 1,9 ha sem enn á eftir að fylla upp í er um **210.000 m<sup>3</sup>**.
- Um **120-130.000 m<sup>3</sup>** af dýpkunarefni frá Eskifjarðarhöfn, verða nýttir í landfyllinguna og
- það sem uppá mun vanta eða um **80-90.000 m<sup>3</sup>** verða teknir úr efni sem fellur til úr skeringum við landmótun á athafnasvæðinu sbr. endurskoðun deiliskipulag Hrauns 1 og/ eða frá Eyri, eftir því sem þurfa þykir".

Samkvæmt framangreindu þá eiga Fjarðabyggðarhafnir leyfi fyrir 406.000 m<sup>3</sup> og munu þurfa innan við 90.000 m<sup>3</sup> af efni. Því telja Fjarðarbyggðarhafnir að nægilegar upplýsingar liggi fyrir varðandi efnistöku og að þeim hafi verið gerð viðhlítandi skil í matsáætlun. Sömu upplýsingar verða því tíundaðar í umhverfismatskýrslunni fyrir 2. áfanga.

Rétt er í þessu sambandi að benda á að Fjarðabyggðarhafnir eru einnig að leita að mögulegum nýjum efnistökusvæðum í sjó til að hafa vaðið fyrir neðan sig til framtíðar. Því hafa nú þegar verið settar af stað rannsóknir á mögulegum svæðum, lífríki og kóralþörungum og liggja fyrir leyfi frá Orkustofnun hvað þetta varðar og verður hugað að umhverfismati framkvæmda hvað þau varðar í tíma.

